



Samantekt

Eftirlit í heimsfaraldri COVID-19

5. ágúst 2021 til 4. apríl 2022

Desember 2022

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglu- bundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Útgefandi

Embætti landlæknis
Katrínartún 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

© 2022 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Aðferð	5
Niðurstöður	6
Tímabilið 5. ágúst til 7. september 2021	6
Tímabilið 9. nóvember 2021 til 6. apríl 2022	7
Mat embættis landlæknis	9


Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að úrbótum. Fyrir liggja skýrslur embættisins [Eftirlit í faraldri 3 bylgja -heilbrigðisþjónusta](#) birt í nóvember 2021 og [Eftirlit í faraldri fyrsta bylgja – heilbrigðisþjónusta](#) birt í október 2020. Þá hafa verið birtar sérstakar skýrslur um [óbein áhrif COVID-19 á lýðheilsu og geðheilsu landsmanna](#) og [áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á viðkvæma hópa](#).

Í ljósi þess að um mitt sumar 2021 fjölgaði aftur þeim sem smituðust af SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 ákvað embætti landlæknis að hefja aftur reglulegt eftirlit með því hvernig ákveðnum einingum heilbrigðiskerfisins gengi að uppfylla hlutverk sitt. Markmið eftirlitsins var líkt og áður að hafa yfirlit yfir stöðu heilbrigðisþjónustunnar í landinu svo hægt væri að bregðast við ef þörf krefði. Ráðist var í fjölmargar aðgerðir að hálfu stjórnvalda til að styrkja stöðu heilbrigðiskerfisins meðan á faraldrinum stóð. Gerð er grein fyrir þeim aðgerðum á vefsíðu [Stjórnarráðs Íslands – COVID-19: Aðgerðir og ráðstafanir](#). Tímalínu um viðbrögð stjórnvalda og gildandi takmarkanir má einnig finna á vefsíðunni [covid.is – viðbrögð á Íslandi](#).

Reglulegt eftirlit embættisins, sem fjallað er um í þessari skýrslu, stóð frá 5. ágúst 2021 til 7. september 2021 og síðan aftur frá 5. nóvember 2021 til 6. apríl 2022 þegar smittíðni í landinu jókst enn á ný, svo sem sjá má á mynd 1. Um miðjan desember 2021 reis bylgja sem reyndist vera sú lang stærsta í faraldrinum og var af völdum hins bráðsmitandi ómikron afbrigðis. Segja má að sú bylgja hafi hjaðnað um miðjan apríl 2022 þó smit hafi enn verið í gangi. Flest voru staðfest smit á einum degi 4.862 þann 25. febrúar 2022 en 14-daga nýgengi smita var þá rúmlega 10.000 smit á hverja 100.000 íbúa. Sama dag var öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum vegna COVID-19 aflétt skv. ákvörðun heilbrigðisráðherra. Nánari tölulegar upplýsingar er að finna á vefsíðunni [www.covid.is/tolulegar-upplýsingar](#).

COVID-19 á Íslandi



Mynd 1. Heimild: Covid. is

Vikulegar niðurstöður eftirlits voru sendar, um leið og þær lágu fyrir, til landlæknis, sóttvarnalæknis og annarra viðeigandi starfsmanna innan embættisins. Þá voru niðurstöður sendar heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneyti. Landlæknir fór yfir niðurstöðurnar á samráðsfundum embættis landlæknis, sóttvarnalæknis og stjórnenda heilbrigðisstofnanna eftir því sem þurfa þótti. Þá var upplýsingum miðlað til ríkisstjórnar Íslands eftir því sem við átti. Niðurstöður voru oft notaðar þegar verið var að ákveða hvernig styrkja þyrfti stofnanir til að bregðast við auknu álagi.

Samantekt þessi er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti. Embættið þakkar hlutaðeigandi stjórnendum og starfsfólki góða samvinnu.

Aðferð

Gerðar voru úttektir á stöðu heilbrigðisþjónustunnar á tímabilinu 5. ágúst 2021 – 4. apríl 2022. Fyrst var aðeins óskað eftir upplýsingum frá Landspítala þá sérstaklega í ljósi viðvarandi erfiðrar stöðu á bráða-móttökunni í Fossvogi. Einnig var óskað eftir upplýsingum um áhrif COVID-19 á fjölda skurðaðgerða á Landspítala. Þann 12. ágúst 2021 (vika 32) hófst vikuleg innköllun upplýsinga frá nokkrum heilbrigðisstofnunum. Óskað var eftir upplýsingum vikulega þar til 7. september 2021 (vika 35) en þá hæðði tímabundið á faraldrinum. Þann 5. nóvember 2021 (vika 45) hófst vikulegt eftirlit embættisins að nýju og stóð yfir þar til 4. apríl 2022 (vika 14).

Óskað var eftir upplýsingum frá eftirfarandi stofnunum/veitendum heilbrigðisþjónustu: Landspítala (LSH), Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST), Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK), Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), sem langflest hjúkrunarheimili í landinu eiga aðild að. Framkvæmdastjóri samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu sá um að safna upplýsingum fyrir hjúkrunarheimilin og sendi sameiginlegt mat til embættisins. Ekki var óskað eftir upplýsingum frá SFV á öllum tímapiptum.

Spurningalistar voru sendir til stjórnenda ofangreindra heilbrigðisstofnana. Stuðst var við sömu spurningalista og notaðir voru við innköllun hliðstæðra upplýsinga í fyrstu og þriðju bylgju COVID-19 faraldursins (sjá fylgiskjal 1). Spurt var um stöðuna er varðar mönnun og vinnuálag, aðbúnað, hlífðarbúnað, gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu, rauð flögg og tölulegar upplýsingar. Þann 9. nóvember 2021 var spurningu bætt við um mat á stöðunni er varðar mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf og í viku 5 árið 2022 var einnig óskað eftir upplýsingum um hversu margir starfsmenn væru frá vinnu vegna einangrunar og sóttkvíar og hversu hátt hlutfall það var af heildarfjölda starfsmanna.

Í spurningalistanum voru gefnir upp þrjú valmöguleikar. Stjórnendur voru beðnir um að merkja við í viðeigandi reit sem lýsti stöðunni best í hverjum þætti fyrir sig. Valmöguleikunum var skipt upp í grænt, gult og rautt, sjá töflu 1. Einnig voru opnar spurningar um fjölda lokaðra deilda/rúma vegna faraldursins og fjölda aðgerða sem frestað hafði verið. Stjórnendur voru hvattir til að bæta við meiri upplýsingum eftir þörfum. Í viku 5 var bætt við spurningu og óskað eftir upplýsingum um hversu margir starfsmenn væru frá vinnu vegna einangrunar og sóttkvíar og hversu hátt hlutfall það var af heildarfjölda starfsmanna.

Á ákveðnum tímapiptum var óskað eftir mati á stöðu sjúkraflutninga í landinu. Spurt var um mönnun og vinnuálag, fjölda smita í starfi, fjölda vinnutíma frá bakvarðasveit, fjölda yfirvinnutíma, fjölda útkalla, þörf fyrir sóttthreinsun og langa flutninga. Einnig var spurt um ástand aðbúnaðar (bifreiðar/flutningstæki, tæki) og hlífðarbúnað. Notast var við sama spurningalista og áður (sjá fylgiskjal 2). Á síðari stigum eftirlitsins safnaði yfirlæknir bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa þessum upplýsingum saman og sendi samantekt til embættis landlæknis.

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - skilgreining á litum			
Mönnun og vinnuálag Mælikvarðar: Fjöldi yfirvinnutíma. Fjöldi tíma frá bakvarðasveit	Vel mannað. Starfsmenn upplifa öryggi og vinna yfirvinnu þegar þess óskað. Vinnuálag við hæfi, lítil yfirvinna. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Viðráðanlegur skortur á starfsfólki. Aukið vinnuálag, en ásættanlegt. Starfsmenn vinna meiri yfirvinnu en þeir kæra sig um. Tími fer í að leita að fólki í vinnu. Lítið þarf að gerast til að út af bregði. Þörf á lágmarksaðstoð frá bakvarðasveit.	Verulegur skortur á starfsfólki. Mikil yfirvinna, vinnuálag óásættanlegt. Gæðum og öryggi ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð frá bakvarðasveit.
Aðbúnaður (s.s. rými, rúmafjöldi, einangrunaraðstaða) Mælikvarðar: Fjöldi gangainnlagna. Verklagi varðandi einangrun ekki fylgt	Góður. Rými/húsnæði fullnægjandi. Rúmafjöldi nægilegur, einangrunaraðstaða fullnægjandi. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Ásættanlegur. Ástand viðráðanlegt. Eitthvað um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Mikið um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Hlífðarbúnaður (s.s. hlífðarföt, hanskar, spritt) Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir	Nægjar birgðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Farið að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Skortur er á nauðsynjum, s.s. hlífðarbúnaði, hjúkrunarvörum og lyfjum. Skortur er óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Mælikvarðar: Samantekt mælikvarða hér að ofna um mönnun og vinnuálag, aðbúnað og hlífðarbúnað. Aukning fjölda/skráðra atvika	Gæði og öryggi eru góð. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Gæði og öryggi eru ásættanleg. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Gæði og öryggi eru óásættanleg. Ekki er hægt að sinna bráðatilfellum. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Rauð flögg. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Engin rauð flögg til staðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Gul flögg til staðar. Ástand þó óásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Rauð flögg til staðar. Ástand óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.
Tölulegar upplýsingar. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé í góðu lagi, ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé óásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

Tafla 1.

Niðurstöður

Tímabilið 5. ágúst til 7. september 2021

Þann 5. ágúst var óskað eftir upplýsingum frá Landspítala um mat á stöðunni í ljósi þeirrar bylgu COVID-19 sem þá var farin að rísa og þeirrar erfiðar stöðu sem uppi var á bráðamóttökunni í byrjun sumarsins.

2021 (vika 31 – 35)

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - yfirlit 2021 (vika 31 - 35)																														
Vika	1. Mönnun og vinnuálag					2. Aðbúnaður					3. Hlífðarbúnaður					4. Gæði og öryggi					5. Rauð flögg					6. Tölulegar upplýsingar				
	31	32	33	34	35	31	32	33	34	35	31	32	33	34	35	31	32	33	34	35	31	32	33	34	35	31	32	33	34	35
LSH																														
HVE																														
HSU																														
HSS																														
Sak																														
HH																														
Hvest																														
HSN																														
HSA																														

Tafla 2.

Í viku 32 var mesta öryggisógnin á Landspítalanum skortur á sérhæfðu starfsfólki, sérstaklega á gjörgæslum. Gert var samkomulag við einkarekna skurðstofur um aðstoð og mannskap. Óskað var eftir fleirum á skrá í bakvarðarsveit heilbrigðisþjónustunnar og [heilbrigðisráðuneytið setti af stað ýmsar aðrar aðgerðir til að bregðast við](#). Þann 17. ágúst (vika 33) sendi Landspítalinn embættinu umbeið minnisblað varðandi frestanir skurðaðgerða. Þar kom fram að áætla mætti að á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst hafi tæplega 200 skurðaðgerðum verið frestað vegna viðbragða sem tengdust COVID-19. Skipting á milli sérgreina var nokkuð jöfn. Þá voru fimm af 18 skurðstofum opnar. Hlutfall bráðaaðgerða jókst á sama tímabili um 13%.

Heilbrigðistofnanir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og Sjúkrahúsið á Akureyri lögðu sitt af mörkum til að létta álagi af Landspítalanum m.a. með því að fjölga legurýmum og taka við fleiri sjúklingum. Lítið mátti út af bregða varðandi mönnun heilbrigðisstétta. Mönnun og vinnuálag var því metið vera á gulu. Fram kom að einangrunaraðstaða var ekki alls staðar fullnægjandi. Mikið álag var einnig á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins bæði við bólusetningar og sýnatökur og mönnun var tæp.

Óskað var eftir upplýsingum varðandi stöðu mála í sjúkraflutningum í viku 32 og 33. Staðan var nokkuð góð og flestir matsþættir metnir vera á grænu. Mönnun sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu var þó áskorun og var metin á gulu. Bakvarðarsveit var nýtt til að efla mönnun sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 6. september (vika 35) sendu SFV einnig upplýsingar varðandi stöðuna á hjúkrunarheimilum. Allir matsþættir voru metnir á gulu eða grænu. Fram kom frá SFV að gott samtal væri við sóttvarnarsvið embættis landlæknis og almannavarnir varðandi viðbrögð og smitvarnir og það hefði skilað sér vel.

Í viku 34 og 35 var staðan orðin betri að mati stjórnenda og viðráðanlegri líkt og sjá má í töflu 2. Þann 16. september var ákveðið að ekki væri þörf á vikulegum upplýsingum um stöðu mála en óskað var eftir að stjórnendur upplýsti embættið ef staðan myndi versna.

Tímabilið 9. nóvember 2021 til 6. apríl 2022

Þann 9. nóvember 2021 hófst vikuleg upplýsingasöfnun á ný vegna þess að smittíðni var aftur farin að rísa og fregnir bárust af auknu álagi og þyngri stöðu innan heilbrigðiskerfisins. Nýrri spurningu er varðar mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf var þá bætt við spurningalistann.

2021 (9.nóvember til 31. desember, vika 45 – 52)

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - yfirlit 2021 (vika 45 - 52)																																																								
	1. Mönnun og vinnuálag					2. Aðbúnaður					3. Hliðarbúnaður					4. Rekstarvörur og lyf					5. Gæði og öryggi					6. Rauð flögg					7. Tölulegar upplýsingar																									
Vika	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52	45	46	47	48	49	50	51	52
LSH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HVE	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
Hvest	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
Sak	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HSA	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HSU	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HSS	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■
HSN	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■

Tafla 3.

Staðan var sérstaklega þung á Landspítalanum í viku 45 og 46 eins og sjá má í töflu 3. Mikil þörf var fyrir aðstoð frá bakvarðarsveit, sérstaklega vantaði hjúkrunarfræðinga. Fjöldi einangrunarrýma og legurýma var ekki fullnægjandi.

Staðan á Sjúkrahúsinu á Akureyri og á öðrum stofnunum á landsbyggðinni var víða orðin þung sérstaklega er varðar mönnun. Mat stjórnenda var að lítið mætti út af bregða til að ástandið myndi versna hratt. Sama átti við um starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í [minnisblaði sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra](#), dagsett 11. nóvember 2021, er m.a. ofangreindum upplýsingum komið til skila en sóttvarnalæknir leitaði iðulega til landlæknis varðandi stöðuna í heilbrigðiskerfinu og því afar gagnlegt að styðjast við þessi vikulegu yfirlit. Þann 12. nóvember voru [sóttvarnaraðgerðir hertar umtalsvert](#) til að sporna við hraðri útbreiðslu COVID-19 og vaxandi álagi innan heilbrigðiskerfisins.

Staðan á Landspítalanum versnaði aftur í viku 52 vegna skorts á legurýmum auk þess sem hátt í 200 starfsmenn sjúkrahússins voru frá vinnu, ýmist smitaðir af COVID-19 eða í sóttkví. Í kjölfarið voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum frá helstu stofnunum heilbrigðiskerfisins og einnig frá heilbrigðisráðuneytinu til að bregðast við vandanum. Meðal annars var unnið að því að færa sjúklinga sem hægt var á aðrar stofnarnir.

Ekki var safnað reglulegum upplýsingum með matslistum frá hjúkrunarheimilunum né um stöðu mála í sjúkraflutningum á þessu tímabili.

2022 (1. janúar til 27. febrúar, vika 1 – 8)

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - yfirlit 2022 (vika 1 - 8)																																																																							
	1. Mönnun og vinnuálag								2. Aðbúnaður								3. Hliðarbúnaður								4. Rekstarvörur og lyf								5. Gæði og öryggi								6. Rauð flögg								7. Tölulegar upplýsingar																						
Vika	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8							
LSH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HVE	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
Hvest	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
Sak	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HSA	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HSU	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HSS	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
HSN	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							
SFV	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■							

Tafla 4.

Áfram var alvarleg staða hvað varðar mönnun á Landspítalanum í byrjun árs 2022 líkt og sjá má í töflu 4. Mikið áhyggjuefni var fjöldi starfsmanna í einangrun og sóttkví vegna COVID-19. Smit meðal starfsmanna var á mörgum einingum spítalans og einnig meðal sjúklinga. Áfram var bakvarðarsveit nýtt til að efla mönnun og einnig var mönnun styrkt með liðsauka frá einkareknum skurðstofum. Staðan hélt áfram að þyngjast jafnt og þétt á flestum stofnunum.

Í viku 2 var óskað eftir upplýsingum frá SFV. Í svörum frá þeim kom fram að staðan væri mjög þung sérstaklega er varðar mönnun. Á litlum heimilum gat starfsemin verið brothætt vegna fámenns starfsmannahóps þar og lítið mætti út af bregða til að erfitt ástand gæti skapast. Einnig kom fram að heimilin voru mjög mismunandi vel í stakk búin til að ráða við COVID-19, vegna þess að aðbúnaður var mjög misjafn milli heimila.

Í [minnisblaði landlæknis og sóttvarnarlæknis](#) til heilbrigðisráðherra, dagsett 10. janúar 2022, var meðal annars ofangreindum upplýsingum komið til skila. Þann 11. janúar var kynnt ákvörðun heilbrigðisráðherra um [framlengingu á gildandi takmörkunum](#) og sóttvarnaraðgerðum sem í gildi voru.

Öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum vegna heimsfaraldurs af völdum COVID-19 var síðan aflétt þann 25. febrúar 2022.

2022 (28. febrúar til 6. apríl, vika 9 – 14)

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - yfirlit 2022 (vika 9 - 14)																																																																							
	1. Mönnun og vinnuálag						2. Aðbúnaður						3. Hliðarbúnaður						4. Rekstarvörur og lyf						5. Gæði og öryggi						6. Rauð flögg						7. Tölulegar upplýsingar																																		
Vika	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14	9	10	11	12	13	14											
LSH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■					
HH	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
HVE	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
Hvest	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
Sak	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
HSA	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
HSU	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
HSS	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
HSN	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											
SFV	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■	■											

Tafla 5.

Fyrstu vikurnar eftir afléttingu jókst mjög álag innan heilbrigðiskerfisins bæði vegna fjölgunar sjúklinga og einnig vegna fjarvista starfsfólks sökum veikinda af völdum COVID-19. Faraldurinn var seinna á ferðinni á

landsbyggðinni líkt og búist var við. Almennt höfðu stjórnendur miklar áhyggjur af mönnun og húsnæði með tilliti til smitvarna. Áfram var bakvarðarsveitt nýtt eins og hægt var.

Í viku 12 fór álag innan heilbrigðisstofnanna að minnka og var orðið nokkuð stöðugt í viku 14. Áfram var þó þung og erfið staða á Landspítalanum. Vikulegri söfnun upplýsinga embættis landlæknis var hætt 6. apríl 2022 en stjórnendur hvattir til að láta vita ef aðstæður breyttust.

Mat embættis landlæknis

Upplýsingasöfnun í tengslum við eftirlit embættis landlæknis vegna áhrifa af COVID-19 faraldursins gerði embættinu kleift að hafa yfirsýn á stöðu mála í heilbrigðiskerfinu svo hægt væri að bregðast við. Upplýsingum var fylgt eftir með samtölum þegar tilefni þótti til og brugðist við í samræmi við þá stöðu sem uppi var hverju sinni. Upplýsingarnar sem bærust voru nýttar inn í heilðrænt mat er varðar áhrif faraldursins á samfélagið og miðlað áfram til fjölda aðila. Gripið var til fjölmargra aðgerða í því skyni að styrkja stöðu heilbrigðiskerfisins, bæði af hálfu stjórnvalda og einnig stjórnenda og starfsfólks hverrar stofnunar og mátti sjá áhrif þeirra aðgerða endurspeglast í mati stjórnenda á stöðunni. Jákvætt er að staða hlífðarbúnaðar og nauðsynlegra rekstrarvara og lyfja var alltaf metin á grænu.

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs

Heiti stofnunar: _____ Dags.: _____

Vinsamlega merkið við í viðeigandi reit sem best lýsir stöðunni í hverjum þætti fyrir sig.

1. Mönnun og vinnuálag

Mælikvarðar: Fjöldi yfirvinnutíma. Fjöldi tíma frá bakvarðasveit

Grænt: Vel mannað. Starfsmenn upplifa öryggi og vinna yfirvinnu þegar þess óskað. Vinnuálag við hæfi, lítil yfirvinna. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.

Gult: Viðráðanlegur skortur á starfsfólki. Aukið vinnuálag, en ásættanlegt. Starfsmenn vinna meiri yfirvinnu en þeir kæra sig um. Tími fer í að leita að fólki í vinnu. Lítið þarf að gerast til að út af bregði. Þörf á lágmarksaðstoð frá bakvarðasveit.

Rautt: Verulegur skortur á starfsfólki. Mikil yfirvinna, vinnuálag óásættanlegt. Gæðum og öryggi ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð frá bakvarðasveit.

2. Aðbúnaður (s.s. rými, rúmafjöldi, einangrunaraðstaða)

Mælikvarðar: Fjöldi gangainnlagna. Verklagi varðandi einangrun ekki fylgt

Grænt: Góður. Rými/húsnæði fullnægjandi. Rúmafjöldi nægilegur, einangrunaraðstaða fullnægjandi. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.

Gult: Ásættanlegur. Ástand viðráðanlegt. Eitthvað um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.

Rautt: Óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Mikið um gangainnlagnir og brot á verklagi um einangrun. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

3. Hlífðarbúnaður (s.s. hlífðarföt, hanskar, spritt)

Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir

Grænt: Nægar birgðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.

Gult: Farið að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.

Rautt: Skortur er á nauðsynjum, s.s hlífðarbúnaði, hjúkrunarvörum og lyfjum. Skortur er óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

4. Mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf

Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir

- Grænt:** Nægar birgðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.
- Gult:** Farið að bera á skorti en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.
- Rautt:** Skortur er á nauðsynlegum rekstrarvörum og lyfjum. Skortur er óásættanlegur og ógnar gæðum og öryggi. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

5. Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu

Mælikvarðar: Samantekt mælikvarða hér að framan um mönnun og vinnuálag, aðbúnað, hlífðarbúnað, mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf. Aukning fjölda/skráðra atvika.

Ef allir þættir hér að framan eru grænir þá merkið við grænt. Ef fleiri en einn þáttur er gulur, þá merkið við gult. Ef fleiri en einn þáttur er rauður þá merkið við rautt.

- Grænt:** Gæði og öryggi eru góð. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.
- Gult:** Gæði og öryggi eru ásættanleg. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.
- Rautt:** Gæði og öryggi eru óásættanleg. Ekki er hægt að sinna bráðatilfellum. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

6. Rauð flögg

Mælikvarði: Sjá svarmöguleika

- Grænt:** Engin rauð flögg til staðar. Ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.
- Gult:** Gul flögg til staðar. Ástand þó ásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.
- Rautt:** Rauð flögg til staðar. Ástand óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

7. Tölulegar upplýsingar

Mælikvarði: Sjá svarmöguleika

- Grænt:** Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé í góðu lagi, ekkert til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.
- Gult:** Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé ásættanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.
- Rautt:** Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé óásættanlegt. Gæðum og öryggi er ógnað. Veldur verulegum áhyggjum. Þörf á utanaðkomandi aðstoð.

8. Fjöldi lokaðra deilda/rúma vegna faraldursins (ef við á)

9. Fjöldi aðgerða sem frestað hefur verið vegna faraldursins (ef við á)

10 . Annað ótalið sem koma þarf á framfæri og frekari skýringar ef merkt er við gult eða rautt við einhvern matsþátt.

Vikulegt yfirlit sjúkraflutninga fyrir embætti landlæknis

Sjúkraflutningsaðili: _____ Dags.: _____

Merkja skal við litakóða efst á síðu. Annað til upplýsingar ef ástand er gult/rautt.

Mönnun og vinnuálag:

Ástandið í þjónustunni núna:

Grænt	<input type="checkbox"/>	Vel mannað. Vinnuálag við hæfi. Hófleg yfirvinna sinnt af eigin starfsmönnum. Ekkert til að hafa áhyggjur af.
Gult	<input type="checkbox"/>	Viðráðanlegur skortur á starfsfólki. Aukið vinnuálag. Mikil yfirvinna. Þörf fyrir aukamannskap. Leitað eftir aðstoð bakvarðasveitar.
Rautt	<input type="checkbox"/>	Skortur á starfsfólki þrátt fyrir aukamönnun. Óhófleg yfirvinna og vinnuálag. Gæðum og öryggi ógnað. Mikil þörf fyrir bakvarðasveit.

<i>Ef gult / rautt, er það vegna:</i>	Já	Nei
Aukinna veikinda / fjarveru		
Aukins álags / fleiri eða erfiðari verkefna		

Fjarvera (fjöldi) – fyllist út ef rautt/gult

	Sjúkraflutningamenn	Aðrir starfsmenn
Langtímaveikindi (virk)		
Covid-19 sóttkví (virk)		
Covid-19 einangrun (smit) (virk)		
Lokið einangrun (batnað) (alls)		
Fjöldi smitast í starfi (alls)		
Fjöldi vinnutíma frá bakvarðasveit sl viku:		

Álag á þjónustu sl viku (haka í það sem á við)

	Eðlilegt eða minna en venjulega	Aukið álag en í lagi	Mikil aukning. Krefst breytingar á starfsemi.
Fjöldi yfirvinnutíma			
Fjöldi útkalla í heild			
Þörf fyrir sótthreinsun			
Langir flutningar			

Aðbúnaður (Bifreiðar, tæki, aðföng, lyf)

Ástand aðbúnaðar núna (samantekið):

Grætt		Góður. Farartæki í góðu ásigkomulagi (ekki óstarfhæft). Tæki í lagi. Næg aðföng (lyf, búnaður).
Gult		Ásættanlegur. Einhverjar bilanir í farartækjum eða tækjabúnaði sem hefur áhrif á starfsemi. Viðráðanlegur skortur á aðföngum.
Rautt		Óásættanlegur. Starfsemi ógnað. Fá starfhæf farartæki. Tæki biluð. Lyf og búnaður duga ekki til að sinna starfsemi.

Bifreiðar/flutningstæki (fjöldi)

Í lagi	Starfhæf	Óstarfhæf

Aths:

Tæki (t.d. stuðtæki/monitor, sog, öndunarvélar etc)

	Í lagi	Vandamál en gengur	Ekki í lagi
Tæki*			
Fjölnotabúnaður			
Einnota búnaður**			
Lyf			

*monitor/stuðtæki, sogdælur, öndunarvélar, ofl.

** ekki hlífðarbúnaður (tekið sér)

Aths. ef gult / rautt (hvað vantar):

Hlífðarbúnaður

Ástandið á hlífðarbúnaði núna:

Grænt	<input type="checkbox"/>	Góður. Nægar birgðir. Engar áhyggjur.
Gult	<input type="checkbox"/>	Ásættanlegur en farið að bera á skorti á búnaði. Má lítið útaf bregða.
Rautt	<input type="checkbox"/>	Óásættanlegur. Starfsemi ógnað. Alvarlegur skortur á hlífðarbúnaði.

Hvað vantar:

	Í lagi	Litlar birgðir	Alvarlegur skortur
Grímur / maskar			
Hanskar			
Sloppar / gallar			
Aughlífir / gleraugu			

Athugasemdir:

Annað ótalið sem koma þarf á framfæri: